



STARFSEMI VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDASVIÐS

AKRANESKAUPSTAÐAR

Svið:	Velferðar- og mannréttindasvið.
Stjórnsýsla:	Velferðar- og mannréttindaráð.
Yfirmaður:	Sviðstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.
Undirmenn:	Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs.

Meginverkefni sviðsins:

Velferðar- og mannréttindasvið (hér eftir nefnt svið) er stjórnunareining innan Akraneskaupstaðar sem sérhæfir sig í barnaverndarmálum, málefnum aldraða, málefnum einstaklinga með fötlun, mannréttindamálum, húsnæðismálum og félagsmálum. Sviðið sér m.a. um að veita fjárhagsaðstoð, veita félagslega og sérhæfða ráðgjöf og hafa umsjón með málefnum barna og fjölskyldna þeirra, bæði út frá lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum. Sviðið sér auk þess um stuðnings- og stoðþjónustu, veitingu stuðningsfjölskyldna, félagslega heimþjónustu, heimsendingu matar, akstur fyrir aldraða og fatlaða og félagsstarf aldraða og öryrkja og heilsueflingu. Undir sviðið heyrir jafnframt endurhæfing og virkniúrræði, búsetuþjónusta og verndaður hæfingar- og vinnustaður.

Sviðið er velferðar- og mannréttindaráði til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyra og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins.

Sviðið vinnur samkvæmt eftirfarandi samþykktum, reglum og stefnum:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.
- ♦ Erindisbréf velferðar- og mannréttindaráðs.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.



Helstu verkefni sviðsins eru þessi:

- ♦ Útbúa fjárhagsáætlun fyrir sviðið og vera ráðgefandi til forstöðumanna stofnana sem tilheyra sviðinu í undirbúningi fjárhagsáætlana.
- ♦ Stefnumótun og áætlunargerð á sviði velferðar- og mannréttindamála.
- ♦ Eftirlit í samræmi við lög og reglugerðir.
- ♦ Mat og afgreiðsla á fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf.
- ♦ Vinnsla og úrræði barnaverndarmála
- ♦ Úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði og umsjá þess í samráði við Skipulags- og umhverfissvið og sérstakur húsnæðisstuðningur
- ♦ Rekstur og umsjón með búsetuúrræðum fyrir fatlaða og stuðningsfjölskyldum.
- ♦ Umsjón með stuðnings- og stoðþjónustuúrræðum
- ♦ Rekstur og umsjón með vernduðum vinnu- og hæfingarstað.
- ♦ Rekstur og umsjón með Endurhæfingarhúsinu Hver.
- ♦ Rekstur og umsjón með félagsstarfi aldraðra og öryrkja, heimsendingu matar og akstri fyrir aldraða og fatlaða.
- ♦ Umsjón með félagsstarfi aldraðra og öryrkja og heilsuefingu.
- ♦ Gerð þjónustusamninga sem tilheyra sviðinu.
- ♦ Annast auglýsingamál á vegum sviðsins.

Markmið starfa sviðsins er:

- ♦ Að skapa einfalt og skilvirkt stjórnkerfi.
- ♦ Að verkefni sviðsins séu í samræmi við tíma-, fjárhags- og kostnaðaráætlanir.
- ♦ Að ná fram hagræðingu í rekstri.
- ♦ Að tryggja sem besta þjónustu.

Samþykkt á fundi velferðar- og mannréttindaráðs Akraness þann 22. janúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri